

Nr. 063 / 16 Sturla GK 12***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 1272
Smíðaður: Noregi 1967, stál
Stærð: 486,5 brl. 671,5 bt.
Mesta lengd: 52,6 m Skráð lengd: 49,58 m
Breidd: 8,53 m Dýpt: 6,8 m
Vél: MaK 742kW, 1967
Fjöldi skipverja: 14



Sturla©Guðmundur St Valdimarsson

Gögn:

Tilkynning frá skipstjóra
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. janúar 2016 var Sturla GK 12 á línuveiðum í Jökuldýpi. Veður: SV 18 m/sek.

Skipverji sem var að lyfta fiskikari upp í stæðu í lest rann til þegar skipið tók djúpa veltu og lenti með fiskikarið í fanginu á uppstillingarramma. Hann rifbeinsbrotnaði og var frá vinnu um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð í fiskikari með ís í og var að lyfta karinu upp fyrir sig í fjórðu hæð. Hann kastaðist út í síðu og lenti á bakinu;
- að hann kvaðst hafa verið í góðum stígvélum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.